

REGLUGERÐ

um (43.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldir ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/196 frá 28. janúar 2026 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á karragenani (E 407), karóbgúmmí (E 410), gúargúmmí (E 412), arabísku gúmmí (E 414), xantangúmmí (E 415), pektínun (E 440) og natríumoktenýlsúksínatsterkju (E 1450) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir karóbgúmmí (E 410), gúargúmmí (E 412), arabískt gúmmí (E 414), xantangúmmí (E 415), pektín (E 440) og natríumoktenýlsúksínatsterkju (E 1450). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2026 frá 30. apríl 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 28. maí 2026, bls. 247.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/189 frá 28. janúar 2026 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á skellakki (E 904) í matvæli sem eru notuð í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2026 frá 30. apríl 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 28. maí 2026, bls. 242.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur brott reglugerð um (41.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum, nr. 346/2026.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 28. maí 2026.

Hanna Katrín Friðriksson.

Donika Kolica.

B deild - Útgáfudagur: 1. júní 2026